



# DALAPÓSTURINN

6. tölublað, 9. árgangur  
18. maí 2016

## Vinnuskóli - liðveisla

Starf félagsliða við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar. Um sumarstarf er að ræða.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri og hafi reynt af því að vinna með börnum.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til **2. júní** 2016.

## Heim í Búðardal

Bæjarhátíðin Heim í Búðardal verður haldin helgina 8.-10. júlí. Viðburðir hátíðarinnar verða meðal annars Vestfjarðarvíkingurinn, kassabílarallý KM, ljósmynda- og myndlistasýningar og fleira.

Ef einhverjir vilja koma að hátíðinni með einhverjum hætti þá er hægt að hafa samband við Svönu í síma 779 1324 eða netfangið tomstund@dalir.is.

Hægt er að fylgjast með á Facebooksíðunni *Bæjarhátíð í Búðardal*.

## Héraðsbókasafn - sumarleyfi

Vegna sumarleyfa verður Héraðsbókasafn Dalasýslu lokað vikuna **22.-28. maí**. Þá verður bókasafnið lokað af sömu ástæðum 20. júní til 1. júlí og síðan 25. júlí til 15. ágúst.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Þjóðlendukröfur - frestur

Kröfulýsingarfrestur vegna þjóðlendukrafna í Dalasýslu hefur verið framlengdur til 18. júní 2016.

## Vinnuskólinn

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 6. júní til 31. júlí og er fyrir unglunga fædda árin 2000 - 2003. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu og skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til og með **27. maí**.

## Kvennahlaup ÍSÍ

27. Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ verður laugardaginn 4. júní kl. 11 og hefst við Leifsbúð. Hægt verður að hlaupa stóran (2,2 km) eða lítinn hring (1 km).

Verð á kvennahlaupsbolum er 2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri, en 1.000 kr. fyrir 12 ára og yngri, verðlaunapeningur er innifalinn í verði. Frítt verður í sund á Laugum eftir hlaupið og þarf að sýna bol eða verðlaunapening í afgreiðslunni á Laugum.

Ágóði sölonnar á Kvennahlaupinu í Búðardal þetta árið rennur til Slysavarnadeildar Dalasýslu.

## Leikjanámskeið fyrir börn

Þriggja vikna leikjanámskeið verður haldið fyrir börn fædd árin 2006-2009 dagana 20. júní - 7. júlí, kl. 13-16. Námskeiðsgjald verður 10.000 kr. Leiðbeinandi verður Gunnur Rós Grettisdóttir. Skráningar skulu berast til Svönu í síma 779 1324 eða netfangið udn@udn.is.

## Íþróttæfingar í Dalnum – hefjast 6. júní.

Frjálsíþrótt- og knattspyrnuæfingar verða á mánudögum og fimmtudögum kl. 17:00-19:00. Engin æfingagjöld verða á þessum æfingum. Yfirþjálfari verður Svana Hrönn, nánari upplýsingar í síma 779 1324, netfangið udn@udn.is og á heimasíðunni [www.udn.is](http://www.udn.is).